

Árnesi 22.8.2018

Starfssamningur oddvita

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps kt. 540602-4410 og Björgvin Skafti Bjarnason kt: 230860-4839 gera með sér svohljóðandi samkomulag um starf Björgvins Skafta sem oddvita frá 15. Júní 2018.

1. Um verksvið oddvita fer eftir sveitarstjórnarlögum nr. 138 frá 2011
2. Um almenn starfskjör og réttindi sem ekki eru tilgreind frekar í samningi þessum fer eftir kjarasamningi félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS) þ.m.t. réttindi um orlof lífeyrisréttindi og annað sem þar kemur fram. Ótekið orlof síðastliðins orlofsárs greiðist í lok næsta orlofsárs eða við starfslok.
3. Starfshlutfall oddvita er 50% í byrjun tímabils en verður endurmetið að ári liðnu. Launataxti tekur mið af þingfararkaupi kr. 1.101.194 á mánuði fyrir fullt starf. Laun taka breytingum miðað við almenna launavísitölu Hagstofunnar. Oddviti fær ekki greidda yfirvinnu eða sérstaklega fyrir setu nefnda á vegum sveitarfélagsins, né fyrir setu á fundum í sveitarstjórn.
4. Oddviti fær greitt fyrir afnot af eigin bifreið í þágu sveitarfélagsins samkvæmt framlagðri akstursdagbók og skal greitt pr. Km. Samkvæmt ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins á hverjum tíma. Kostnaður við síma oddvita skal greiddur úr sveitarsjóði.
5. Aukakostnaður oddvita vegna viðveru á fundum og kostnaður í tengslum við námskeið í þágu sveitarfélagsins og annað sem við kemur störfum hans á vegum sveitarfélagsins skal greiddur úr sveitarsjóði, samkvæmt framlögðum reikningum.
6. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á ráðningartímanum er þrír mánuðir.

Dags 22.08.2018

f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Björgvin Skafti Bjarnason


F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Sveitarstjórnar
Skeiða- og Gnúpverjahrepps

